

Mættir: Kristján Geirsson, Davíð Heimisson, Edda Guðrún Pálsdóttir, Arnar Stefánsson, Ragnheiður Garðarsdóttir, Magnús Andrésdóttir og Lóa Rut Reynisdóttir sem skrifaði fundargerð.

Fjarverandi: Svavar Kjartansson

Heiðarskóli 2. nóvember 2015 kl. 20:00

1. Gjaldkeri

Gengið frá gjaldkeramálum.

2. Peysusala/Nemendaráð

Tillaga um að nemendaráð sjái um að fá sýnishorn af peysum frá framleiðanda og útbúi pöntunarlista. FFHS mun svo vera þeim innan handar á mátunardegi, sjá um að senda pöntun til framleiðanda og afhenda peysurnar. Kristján sér um að leggja tillögu undir Írisi kennara.

3. Fræðsluáttak

„Ber það sem eftir er“. Fyrirlestur á vegum Vodafone sem okkur gefst kostur á að sýna á sal skólans (Myndband). Ákveðið var að reyna að finna dag eftir áramót til þess að sýna fyrirlesturinn þar sem mikið eru um að vera um þessar mundir.

4. Eineltisfyrirlestur

FFHS tekur þátt í því að halda fyrirlestur um einelti á sal skólans 3.nóvember.

5. Jólaföndur

Dagsetning 26.nóvember frá 17:00 – 19:00. Lóa og Edda ætla að finna hugmyndir að föndri. Ákveðið var að breyta út af vananum og gera eitthvað annað en að mála. Athuga þarf hvað er til af t.d. dúkum og kertum síðan í fyrra.

Bekkjarfulltrúar

Enn er ómannað í nokkrar bekkjarfulltrúastöður, sérstaklega í 6. Og 8. bekkjum. FFHS mun senda póst á foreldra og hvetja þá til þess að manna stöðurnar.

Fundi slitið 21:00

